

Mál nr. 136/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V1) og. (V2)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 20. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 16. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur V2, dags. 22. júní 2022.
4. Athugasemdir M við bréf V1, ódagsettar.

Málsatvik.

Í sameiginlegri tjónstilkynningu vegna áreksturs sem varð milli bifreiðanna A og B hinn 23. apríl 2022 kemur fram að bifreið A hafi verið að aka inn í stöðureit á bifreiðastæði við verslunina Bónus í Hveragerði þegar bifreið B hafi verið að aka aftur á bak út úr slíkum. Á framhlið tjónstilkynningarinnar kemur fram að bifreið B hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð og framburður ökumanns bifreiðar B styður það. Ökumaður bifreiðar A segir í yfirlýsingu dags. 23. apríl 2022 að hún geti ekki fullyrt hvort bifreið B hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð. Í tölvupósti dags. 3. maí 2022 liggur fyrir lýsing vitnis af atburðum þar sem kemur fram að bifreið B hafi ekki verið kyrrstæð þegar snerting varð, en ökumaður þeirrar bifreiðar hafi stöðvað bifreið sína fyrr en ökumaður bifreiðar A. Í sama framburði vitnis kemur fram að beygja bifreiðar A áleiðis inn í stöðureit hafi verið „...ögn svagari en hún hefði þurft að vera.“ Vitnið lýsir því einnig yfir að hann þekki hvorugan ökumann. Ljósmyndir liggja fyrir af vettvangi eftir að árekstur átti sér stað.

M telur að alla sök eigi að leggja á ökumann bifreiðar A sem hafi ekið á bifreið B sem hafi verið kyrrstæð. M telur vitnisburð vitnis sem hafi ekki gefið sig fram við báða ökumenn eigi ekki að leggja til grundvallar og vísar til þess að ökumaður bifreiðar A hafi sagst hafa blindast af sól og hafi sagt á vettvangi að hún ætti ekki að vera að keyra lengur. V2 tekur undir sjónarmið M.

V1 telur hins vegar að alla sök eigi að leggja á bifreið B þar sem ökumaður hennar (M) hafi verið að aka aftur á bak án nægilegrar aðgæslu þegar árekstur varð og vísar til vitnisburðar vitnis um að bifreið B hafi ekki verið kyrrstæð þegar árekstur varðar.

Álit.

Ágreiningur er um sakarskiptingu vegna áreksturs bifreiðanna A og B á bifreiðastæði við Bónus í Hveragerði. Ljóst er af gögnum málsins, sérstaklega vitnisburði óháðs vitnis, að báðar bifreiðar voru á ferð þegar árekstur varð. Í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur fram að áður en ökumaður snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra. M sem ökumanni bifreiðar B bar því að gæta sérstaklega að umferð fyrir aftan sig og m.v. að bifreið hans hafi ekki verið kyrrstæð þegar árekstur varð verður að ætla að hann hafi ekki gætt þess nægilega vel. Ber M því meginsök á árekstrinum. Almenn tillitsskylda er þar að auki í 4. gr. umferðarlaganna og hvílir slík skylda á öllum vegfarendum. Lýsing vitnis af akstri ökumanns bifreiða A bendir til þess að slíkrar tillitssemi hafi ekki verið gætt nægilega vel þegar bifreið A var ekið í víðri beygju inn í stöðureit við hlið þess sem bifreið B var ekið út úr á sama tíma. Bendir það til einhvers gáleysis af hálfu ökumanns bifreiðar A. Ber hún því einnig sök á árekstrinum og með hliðsjón af atvikum öllum ber ökumaður bifreiðar B 2/3 hluta sakar en ökumaður bifreiðar A 1/3 hluta.

Niðurstaða.

Sök skiptist þannig að ökumaður bifreiðar B, sem váttrygð er hjá V2, ber 2/3 hluta sakar en ökumaður bifreiðar A, sem váttrygð er hjá V1 ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir